



STYKKISHÓLMS - PÓSTURINN

Veffang: www.snaefellingar.is

Netfang: sp@anok.is

SÉRRIT - 39. tbl. 22. árg.

22. október 2015



Stykkishólms - Pósturinn er dreift ókeypis í Stykkishólmi og Helgafellssveit og liggur frammi í Grundarfirði, Ólafsvík, Hellissandi og Búðardal. Uppl. 650 eint. og kemur út á fimmtudögum. Utgefandi og prentun: Anok margmiðlun ehf, Nesvegi 13, 340 Stykkishólmi. Sími: 534 2120.

Hvað kostar að æfa íþróttir?

Nýlega komu fram niðurstöður könnunar sem verðlagseftirlit ASÍ gerði á höfuðborgarsvæðinu. Tekið var saman hvað það kostaði fyrir börn á aldrinum 8-10 ára að æfa annarsveggar fimleika og hinsvegar handbolta. Í ljós kemur að töluvert er um hækkanir frá því í fyrra en það sem er áhugavert í samhengi okkar hér í Stykkishólmi er hvernig æfingagjöldin eru. Í könnuninni kemur fram að fyrir handboltann eru verðin á bilinu 3.750-12.500 kr. á mánuði. Fyrir fimleika er mánaðargjaldið á bilinu 6.602 - 14.549 á mánuði. Hér í Stykkishólmi eru æfingagjöld fyrir þennan aldurshóp kr. 3.750 - 5.000 (fer eftir aldri) og vel að merkja þá geta börnin æft eins margar greinar og þau kjósa sjálf. Við erum því nokkuð vel sett hér í bæ með kostnað vegna íþróttaiðkunar barna okkar.

sp@anok.is



Það slekkur sig ekki sjálf!

S.I.laugardag var nóg að gera hjá Brunavörnum Stykkishólms og nágrennis. Þó svo að vatn úr lofti væri með mesta móti þá brunuðu

bílar slökkviliðsins niður að höfn snemma dags til æfinga. N.k. föstudag er svo brunavarnaæfing í Grunnskólanum þar sem

viðbrögðin verða æfð með nemendum, starfsfólki og slökkviliðinu ef upp kæmi eldur í húsnæði Grunnskólans.

sp@anok.is

Hvernig líður börnunum?

S.I.þriðjudag var kynnt skýrsla um hagi og líðan barna í 5. – 7. bekk. Skýrslan er byggð á gögnum *Ungt fólk rannsóknarinnar* sem safnað var meðal nemenda á miðstigi grunnskóla landsins í febrúar 2015. Líkt og áður er athygli beint að högum og líðan barnanna; stuðningi og eftirliti foreldra, þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi, viðhorfum þeirra til náms og skóla og líðan í skóla. Skýrslan sem er 133 bls. innheldur mikið af upplýsingum

sem áhugavert er að skoða og velta fyrir sér hvernig líf unga fólksins okkar er að breytast. T.d. má sjá í niðurstöðum að bóklestur drengja minnkar eftir því sem þeir færast ofar í bekki en tími sem fer í tölvuleiki eykst að sama skapi. Stúlurnar halda nokkuð vel áfram að stunda bóklestur en tíminn sem fer í að lesa á vefmiðlum eykst einnig. Þannig eykst tíminn á netinu við að lesa texta úr 28,3% í 44,3% hjá krökkum á milli ára. Á móti

minnkar sá tími sem horft er á sjónvarp eða DVD. Börnin eru m.a. spurð út í viðhorf þeirra til þess hvort strákar eða stelpur séu betri í fótbolta, ballet, dansi og fleiru og er mjög athyglisvert að skoða þessar niðurstöður sérstaklega á tímum jafnréttismræðunnar þessa dagana. Skýrsluna í heild sinni má finna á vef Stjórnarráðsins.

sp@anok.is

Í dag eru
63
til jóla

Jólagjafahugmyndir..

Ljósmyndaprentun
Ljósmyndastækkun
Ljósmyndaskönnun
Ljósmyndabækur
Persónuleg veggspjöld
Persónuleg jólakort
Persónuleg dagatöl

Við prentum fyrir þig!

anok



Nesvegur 13
Stykkishólmi
S. 534-2120
info@anok.is

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið!

Berserkir kynna starfsemi sína

Við Berserkir þökkum Emblum kærlega fyrir áskorunina og tækifærið til að kynna sveitina.

Ég ætla að stikla á stóru um Björgunarsveitina Berserki og reyna að veita smá innsýn í starfsemi sveitarinnar, tækjakost og fjáraflanir. Saga sveitarinnar s.s. stofnun og starfsemi á árum áður er efni í sér pistil og betra að einhver sem hefur meiri þekkingu á sögu sveitarinnar, heldur en undirritaður skrifi þá grein.

Björgunarsveitin Berserkir er sjálfstæð eining í Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og starfar eftir lögum og reglum félagsins. Helsta skylda björgunarsveitanna er



eins og nafnið gefur til kynna björgun, hvort sem það eru líf og limir eða verðmætubjörgun. Félagar í Berserkjum eru 20 og er áhugasvið félaganna ýmist björgun á sjó eða landi, þó svo að þegar kemur að útköllum mæti allir sem vettlingi geta valdið. Útköllin sem sveitin hefur sinnt á árinu eru af ýmsum toga, þar má nefna óveðursútköll, klassísk verkefni eins og að draga fasta bíla í vetrarófærð, þrjú útköll á sjó vegna strands, vélarvana bátur og leit að bátum og fólki. Dæmi um skemmtilegt verkefni sem sveitin sá um í sumar var þegar hvalur sem strandaði í Stakksey var dreginn á haf út. Sveitin tekur að sér alls konar fjáröflunarverkefni og má sem dæmi um fjáröflun nefna gæslu sem tveir félagar úr sveitinni tóku að sér við eldstöðvarnar í Holuhrauni.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvist að því að efla húsa- og tækjakost sveitarinnar. Það má segja að það

hafi hafist með byggingu björgunarmiðstöðvarinnar að Nesvegi 1 sem er núverandi húsnæði sveitarinnar. Á móti hefur ekki gefist eins mikill tími í æfingar og þjálfun. Nú sjáum við fram á að geta notað meira af kröftum okkar í að sækja aukna þekkingu og þjálfun á sviði björgunarmála. Eins og ég nefndi hér áður þá hefur sveitin unnið að því að efla og endurnýja tæki, og er tækjakostur sveitarinnar orðinn nokkuð góður.

Í dag hefur sveitin yfir að ráða einum jeppa af gerðinni Land Crusier 100 sem er á 38" dekkjum og hentar því vel til að keyra í snjó við krefjandi aðstæður.



tækjafloata björgunarsveita og hafa gefist vel í ýmsum aðgerðum og vonumst við til að hjólið komi til með að nýtast sveitinni vel.

Rekstur Björgunarsveitarinnar hefur gengið vel undanfarin ár. Við reiðum okkur alfarið á fjáraflanir og ýmsa styrki. Þegar kemur að tekjum sveitarinnar ber fyrst að nefna stærstu fjáröflun sveitarinnar það er flugeldasala um áramót, sem gengið hefur vel síðustu ár. Stykkishólmsbær hefur staðið þétt við bakið á okkur og hefur fastur árlegur styrkur til sveitarinnar verið á fjárhagsáætlun bæjarins.

Einnig fær björgunarsveitin árlega úthlutun úr sameiginlegum sjóðum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Úthlutunin er reiknuð út eftir ákveðnu tekjuskjortingarkerfi, þar



sem tekið er mið af t.d. fjölda virkra félaga, fjölda útkalla, íbúafjölda á svæði sveitarinnar og virkni félaga í að sækja námskeið sem haldin eru af björgunarskóla félagsins. Gaman er að segja frá því að Berserkir standa sig ágætlega miðað við aðrar sveitir af sambærilegri stærð, þegar kemur að úthlutun úr sjóðum Slysavarnarfélagsins. Svo má

ekki gleyma árlegri kaffisölu Berserkja á Sjómannadaginn, ýmis gæslustörf á bæjarhátíðum og næsta fjáröflun hjá sveitinni er sala á Neyðarkallinum, sem hefur gengið mjög vel í Stykkishólmi. Öll þessi verkefni skipa fastan sess í fjáröflun sveitarinnar. Sveitin hefur einnig fengið ýmsa góða styrki og gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum sem reynst hafa sveitinni mjög vel í gegnum árin. Við félagar í Berserkjum viljum þakka öllum þeim sem veitt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti í gegnum árin. Það sem stendur upp úr eftir að hafa starfað í sveitinni er að sjálfsögðu að geta veitt fólki aðstoð þegar á reynir, en líka öll sú mikla velvild sem við finnum þegar kemur að störfum sveitarinnar.

Að lokum vil ég minna á að

Fyrir hönd Berserkja, Björn Ásgeir, ritari.

Nú ætlum við að halda heimamarkað á Snæfellsnesi

Um er að ræða matarmarkað þar sem framleiðendur á Snæfellsnesi kynna og selja afurðir sínar. Allir eru velkomnir. Hvatt er til samtals og samstarfs. Markmiðið er að varpa ljósi á mat sem framleiddur er á Snæfellsnesi, að hægt sé að kaupa mat og ræða við framleiðendur. Matarmerki svæðisgarðsins

Snæfellsnes verður kynnt. Einnig verða kynntar hugmyndir um enduroppun Sjávarsafns í Ólafsvík. Staður og stund: 31. október n.k. í Sjávarsafninu í Ólafsvík frá kl. 12 - 16. Þeir sem vilja kynna eða selja matvæli þurfa að skrá sig fyrir miðvikudaginn 28. október n.k.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
ragnhildur@snæfellsnes.is og 848-6272



Vináttu og stuðningsfélag St. Franciskussystra veitir styrk

Vináttu- og stuðningsfélag St. Franciskussystra veitti nú nýverið Háls- og bakdeild St.-Franciskusspítala 400.000.-kr. styrk til að koma til móts við kostnað við gæðaúttekt á meðferð Háls- og bakdeildar SFS. Einstaklingar sem koma á Háls- og bakdeild St. Franciskusspítala eru inniliggjandi meðan á meðferð stendur. Vildum við skoða hvaða áhrif meðferðin hefur á líðan, virkni, líkamsstöðu og líkamsbeitingu eftir að heim er komið. Einnig var spurt hvort þeir

nota áfram æfingar sem kenndar eru, hvort fræðslan hafi verið gagnleg, stjórn þeirra á verkjunum hafi ásamt verkjalyfjanotkun svo eitthvað sé nefnt. Verið er að vinna úr niðurstöðunum en það sem komið er sýnir að einstaklingarnir sem koma á Háls- og bakdeildina eru að nýta sér æfingar, fræðslu og fleira eftir að heim er komið. Virkni einstaklinganna er meiri, þeir hafa betri stjórn á verkjunum og hafa margir dregið úr verkjalyfjanotkun.

Fh Háls- og bakdeildar
Hreina Fírmannsdóttir

VÖFFLUKAFFI !!

Skúrinn ætlar að fagna **100 dögum** sunnudaginn 25. október.

Með því viljum við bjóða ykkur upp á vöfflur á 400 kr og frítt kaffi/kakó með. Frítt er fyrir börn 8 ára og yngri.

Kveðja, fólkið í **Skúrnum!**



Skúrinn | Þvervegur 2 | Stykkishólmi | sími 544-4004
Kíktu á matseðilinn á Facebook

100 ÁRA | KOSNINGARÉTTUR KVENNA Á ÍSLANDI

Í tilefni af 100 ára kosningarafmæli kvenna á Íslandi og því að nú eru liðin 40 ár frá fyrsta kvennafrídegnum minnumst við liðinnar tíðar.

Klukkan 15.00 laugardaginn 24. október að Nestún 7 a (hjá Helgu og Presti), verður að þessu tilefni daglegt líf kvenna á síðustu öld rifjað upp

Allir velkomnir.

ALTOMAR - ALTOMAR

Verkalýðsfélag Snæfellinga auglýsir

Nú er rétti tíminn að panta íbúðina okkar á Spáni fyrir næsta ár.
Allar upplýsingar og pantanir í síma 588-1991 alla virka daga frá kl. 10.00 - 15.00.



Áætlun Baldurs

10. - 22. október 2015 verður Baldur ekki í áætlun vegna viðgerða, næsta ferð er líklega 23. október, frekari upplýsingar á www.seatours.is.

Farþegaskipið Særún mun annast flutning til og frá Flatey og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sæferða www.seatours.is



www.saeferdir.is

Úti að aka.

"Húðu" Afhverju vilja stjórnmál ekki hækka launin hjá ræstingfólkinu sínu?

"Nú"
Fyrir óttast að það haldi að það sé að fá greitt fyrir að hreinsa út úr stjórnmálinu!

Útvarpsleikur Breiðvík 2015



Liðsauki til Snæfellskvenna

Bryndís Guðmundsdóttir hefur gengið til liðs við Snæfell. Bryndís ólst upp í Keflavík og hefur leikið með Keflavík alla tíð fyrir utan eitt ár með KR. Bryndís var atkvæðamikill á síðasta ári og skoraði þá 23.5 stig í leik. Stjórnir Keflavíkur og Snæfells komust

að samkomulagi um vistaskipti landsliðsleikmannsins og samdi Bryndís við Snæfell til 2ja ára. Hún lék sinn fyrsta leik með Snæfelli s.l. laugardag og lagði sannarlega sitt af mörkum þegar hún skoraði flautukörfu til sigurs.

sp@anok.is

Viltu auka líkur þínar á að fá styrk úr innlendum sjóðum?

Vinnusmiðja um gerð styrkumsókna

Í vinnusmiðjunni verður farið yfir undirstöðuatriði í gerð umsókna um styrki í innlenda sjóði. Farið verður yfir undirbúning fyrir umsóknir og hvernig styrkumsóknir eru ritaðar. Að vinnusmiðjunni lokinni gefst þátttakendum kostur á að skrifa umsókn og skila til leiðbeinanda innan 14 daga. Leiðbeinandi fer yfir umsóknina, rýnir hana og sendir til baka með upplýsingum um hvað var gott og hvað má bæta.

Leiðbeinandi
er Bjarnheiður Jóhannsdóttir verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Staður
Áttahagastofu Snæfellsbæjar í Ólafsvík
9. nóvember kl. 13:00-16:00.

Verð
Vinnusmiðjan er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Skráning er á vef Símenntunar www.simenntun.is og nánari upplýsingar gefur starfsfólk Símenntunar í síma 437 2390.

Fasteignasala Stykkishólms

Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali
Ægisgötu 11
340 Stykkishólmi
Sími: 896 4489
sverrir@posthus.is

Allar eignir á www.faststykk.is

FASTEIGNASALA SNÆFELLSNESS

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness

Pétur Kristinsson, hdl.
löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199,
Netfang.pk@sinnet.is

Heimasíða:
fasteignsnae.is

Vetrarsúpa Önnu

Takk Kristín,
Hér er uppskrift að kjarngóðri súpu þar sem fyrsti vetrardagur er á laugardaginn.


400-500 g beinlaust lambkjöt
Matarólia til steikingar
2-3 laukar
3-4 gulrætur
1-2 blaðlaukar (púrur)
2 paprikur (ráðið alveg litnum)
1 hvítlauksrif
2 msk tómatauk
Blómkál

Kartöflur (ég sýð þær yfirleitt sér í potti)
1 ½ l vatn eða kjötsoð
Salt og krydd að vild

Skerið kjötið í munnbita, hreinsið grænmetið. Saxið laukinn, skerið gulræturnar í hæfilega stóra bita og paprikurnar í strimla. Brúnið kjötið og grænmetið, hellið heitu vatni eða kjötsoði yfir. Kryddið að vild og sjóðið við vægan hita í 30-45 mín.

Pressið hvítlauksrifið og bætið saman við ásamt þunnum blaðlaukssneiðum og litlum blómkálshríslum. Látið sjóða í 3-5 mín. Ef kartöflur eru hafðar í súpunni eru þær flysjaðar, skornar í teninga og soðnar með síðustu 10-15 mín. Súpan svo smökkuð til.

Verði ykkur að góðu.
Ætla að halda þessu innan fjölskyldunnar og skora á Kristín Má Pálsson að koma með næstu uppskrift.



Anna Reynisdóttir

Áskorun til eigenda íbúðarhúsa í Stykkishólmi sem ekki eiga hér lögheimili.

Um þessar mundir er mikið rætt um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu. Það blasir við að tekjustofnarnir sem sveitarfélögin hafa duga misvel til þess að þau eigi möguleika á að sinn lögboðnum verkefnum og þeim rekstri sem byggður hefur verið upp á ábyrgð þeirra.

Fljótlega eftir að skelveiðar hófust í Breiðafirði uppúr 1970 ríkti mikil bjartsýni í Stykkishólmi. Atvinnulífið blómstraði og atvinnutækifærum fjölgaði. Útgerð og vinnsla sjávarafurða fór vaxandi, Skipasmíðastöðin Skipavík byggði hratt upp sína starfsemi, tvær öflugar trésmíðjur voru starfandi, Hótel Stykkishólmur hóf rekstur og ferðapjónustan varð öflugur atvinnuvegur, endurbygging gömlu húsanna hófst með húsafriðunarátaki, nýr Baldur hóf rekstur, hafnaraðstaða var bætt mikið, opinberum störfum fjölgaði með opnun útibús Rarik í bænum, lögð var vatnsveita og síðan hitaveita, mörg íbúðarhús voru byggð í bænum, byggður nýr skóli, sundlaug og íþróttahús, hafinn rekstur Dvalarheimilis aldraðra, byggð heilsugæslustöð og sjúkrahúsið stækkað. Sjúkrahús St. Franciskussystra varð fjölmennasti vinnustaðurinn í bænum. Umhverfismálin voru sett í öndvegi með malbikun gatna og átaki í frágangi opinna svæða svo helstu verkefni séu upp talin. Á þessum árum fjölgaði íbúum og voru um 1350 þegar flest var.

Af ýmsum ástæðum hefur hallað undan fæti í rekstri bæjarins og útsvarsgreiðendum fækkað og um leið lækkuðu framlög úr Jöfnunarsjóði sem eru háð fjölda íbúa.

Þegar núverandi bæjarstjórn tók við 16. júní í fyrra blasti það við að fjárhagur bæjarins var mjög erfiður. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setti skilyrði um endurskipulagningu rekstrar og fjármála. Uppstokkun í rekstrinum var strax hafin og nokkur árangur hefur nú þegar náðst, en meira þarf til. Heildartekjur árið 2014 voru kr. 961.5 milljón

og rekstrarafgangur 35.8 milljónir. Heildar skuldir með lífeyrisskuldbindingum eru 1.387.2 milljónir í árslok 2014 og íbúatalan 1107.

En allt bendir til þess að framundan sé betri tíð með blóm í haga í Stykkishólmi ef allt fer sem horfir. Mikill vöxtur er í ferðapjónustu, skelin er farin að veiðast aftur og vonandi verður þess ekki langt að bíða að skelvinnsla hefjist af fullum krafti og í undirbúningi er vinnsla verðmæta úr þangi og þörungum úr Breiðafirði.

Sem betur fer hefur verið eftirspurn eftir fasteignum í Stykkishólmi. Það má m.a. sjá af því að fasteignamat er herra hér en víðast í sambærilegum sveitarfélögum. En til þess að bæjarsjóður geti sinnt þjónustunni við bæjarbúa og þá sem eiga fasteignir í bænum þurfa tekjur bæjarsjóðs að aukast.

Um 20% fasteigna í bænum eru í eigu fólks sem á lögheimili í öðrum sveitarfélögum og greiðir því ekkert útsvar til Stykkishólmsbæjar, en dvelur samt og á í raun sitt heimili hér og nýtur þjónustu sem bærinn leggur til svo sem eðlilegt er.

Þessi staðreynd ásamt með því að íbúum hefur fækkað á undangengnum áratug gerir það að verkum að bæjaryfirvöld verða nú að leita leiða til þess að auka tekjurnar. Það verður að gerast til þess að bærinn geti sinnt lögboðnum verkefnum og haldið áfram að sinna viðhaldi og uppbyggingu svo Stykkishólmur geti áfram talist með fallettri bæjarfélögum á landinu þar sem fólk vill eiga eignir og heimili.

Með þessu bréfi vill undirritaður hvetja alla sem eiga þess kost að skrá lögheimili í Stykkishólmi og stuðli þannig að áframhaldandi uppbyggingu og góðri þjónustu á vegum Stykkishólmsbæjar í þágu þeirra sem eiga hér heimili.

Með góðri kveðju,
16. október 2015
Sturla Böðvarsson bæjarstjóri
Stykkishólmsbæjar

